

SANDKORN

Ársháttíðarblað Grunnskólans í Sandgerði 2004



Meðal efnis:

Framtíðarspá

Viðtöl

Stjörnuspá

Gula pressan

Eineltissaga

Kennaraskop

Nemendaskop

Ljóð



Grunnskólinn Sandgerði
SKÓLASAFN

Ritstjórapistill



Hellú people!

Loksins loksins, stóra stundin er runnin upp; ÁRSHÁTÍÐIN og í tilefni þess er eitt stærsta, flottasta og glæsilegasta blaðið SANDKORN komið út. Við í blaðanefnd erum búin að vera hörkudugleg og vaka lengi langar nætur til þess að klára blaðið á tilsettum tíma því að ekki voru nógu margir duglegir að senda inn efni. En við viljum þakka öllum þeim sem sendu efni og vonum að fleiri fái áhuga á að senda inn efni á næsta ári svo að þið getið verið með í svona frábæru blaði.

En skemmtið ykkur ÝKT vel í kvöld undir stjórn hljómsveitarinnar

“Safnaðarfundur eftir messu”.

Kveðja, Hildur og Hrefna.

oo

Blaðanefndin:

Hrefna	10. bekk
Hildur	10. bekk
Andrés Pétur	10. bekk
Sveinbjörg	10. bekk
Pórhallur	8. bekk
Axel	7. bekk

SANDKORN
gefíð út 18. mars 2004
í tilefni árshátiðar
Grunnskólans í Sandgerði

Fréttir úr Skýjaborg

Billiardmót 28. febrúar

Billiardmót SamFés var haldið 28. febrúar í Reykjavík á billiardstofu þar í bæ. Fóru bæði strákalið og stelpulið og stóðum við okkur prýðilega í báðum flokkum. Guðrún og Hafrún lento í 2. sæti og Ragnar Veigar, Sigurður Jóns og Pétur Þór lento í 5. sæti. Til hamingju!

Para- og vinakvöldið 6. febrúar

Para- og vinakvöldið var haldið föstudaginn 6. febrúar. Par kvöldssins var Aron V. og Steinunn Ýr en Herra og Frú Skýjaborg voru Herlúf og Hrefna. Par kvöldssins hjá yngri var Stefán og Ásta Laufey.

Fyrst um kvöldið voru 6.-7. bekkur sem voru frá kl. 19 - 21, en eftir það komu 8.-10. bekkur sem voru frá kl. 21-23:30.

Ballið heppnaðist frekar vel en það hefðu samt alveg mátt koma fleiri pör því það voru mjög fá pör í ár. En sumir komu einir og voru þó á lausu (eða föstu).

Söngvaseiður Sandgerðis

Gullna röddin er söngkeppni Skýjaborgar og var haldin 28. nóvember. Var þátttaka mjög góð og hefur annað eins ekki sést. Keppendur voru mjög góðir og reyndust dómurunum erfiðir, svo erfiðir að þeir gátu ekki útnefnt þriðja sætið. Í öðru sæti var Hafrún 9. ÞH. í fyrsta sæti var Marel 8. TBJ.

Næsta skref var SamSuð-keppnin og Marel tók þátt í henni því hann vann Gullnu röddina, en svo var líka hópkeppni og þær Hafrún og Hildur tóku þátt í henni.

Keppendur okkar stóðu sig með mikilli prýði og eiga þau hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu og þá vinnu sem þau lögðu í keppnirnar.

Eftir SamSuð keppnina í Fjölbautaskólanum hélt Marel áleiðis til Reykjavíkur. Með honum í för voru nokkrar dansmeyjar. Að þessu sinni var keppnin í Laugardalshöllinni. Keppendur mættu snemma morguns til undirbúnings og æfinga. Mikil spenna lá í loftinu enda var nú komið að Íslandskeppninni. Særún, Sara María og Guðbjörg Eva voru dansarar en Marel söng lagið "Imagine" Má segja að allir sem fóru þeim til stuðnings hafi líka tekið þátt í keppninni þar sem klappliðin skiptu líka máli. Við erum sigurvegarar þó svo við höfum ekki fengið bikar í þetta skiptið.

Náttfatafiskó

Öllum finnst gaman að dansa á náttfötum og sannaðist það þegar náttfatafiskó Skýjaborgar var haldið 20. febrúar. Hjá eldri hópnum var frekar góð mæting en verri hjá yngri. Náttföt kvöldssins hjá yngri klæddist Ástvaldur í 6. UGk en hjá eldri var það Ásdís í 9. BJS.

Um 34 gistu í Skýjaborg um nóttnina og var þrusustuð fram eftir nóttnu. Síðasta manneskjan sofnaði um hálf sjö samkvæmt heimildum blaðamanns.

Freestyle keppni Tónabæjar

Hin árlega Freestyle-keppni var haldin í Laugardalshöll þann 22. febrúar. Ekki hefur verið mikil danshefð í Sandgerði en að þessu

Ástin min

sinni tók einn Sandgerðingur þátt, hann Aron í 8. TBJ. Gerði hann sér lítið fyrir og lenti í þriðja sæti. Hann hefur hlotið mikla athygli fyrir enda var hann eini strákurinn í allri keppninni. Hann hefur m.a. komið fram í unglingsþættinum At. Við óskum honum hjartanlega til hamingju með góðan árangur.

Samfés-ballíð 27. febrúar

Kalli Bjarni, Á móti sól, Quarashi, Land og synir, 200.000 naglbítar, Kung Fu, Írafár, Skítamórrall, Sigurvegarar Músíktírauna, Söngkeppni og Rímnaflæði. Þessi blanda lofar bara góðu og þannig var það. Stuðið á Samfés-ballinu hefur aldrei verið eins mikið, enda hafa aldrei verið fleiri. Um 3.500 unglingar af öllu landinu voru komnir saman til að dansa og skemmta sér. Love Gúrú (Doddi litli) sá um að kynna og stóð hann sig vel.

Óvænti glaðningur kvöldsins jók enn frekar á stuðið en þá var hljómsveitinni í svörtum fötum boðið upp á svið. Allir skemmtu sér FANTAvél og margir náðu sér í helling af gefins FANTA.

*Ástin er góð
og ljúf*

*Stundum er
hún rjóð*

*Og leiðir
stundum til
skilnaðar*

*Ástin getur verið
misjöfn*

*Ástin hentar
mér og þér*

*Ástin getur eignast
barn*

*Ég elska þig
og þú mig*

*Höf. Anna Malena Rós
og Elva Kristín*

Til Þín

*Þú ert regnboginn sem ber mér fyrir sjónir
þegar rignir og rokið feykir mér af slóð minni.*

*Þú ert sólin sem gægist hughreystandi
þegar frostið nístir og snjórinn þyngir spor míni.*

*Þú ert svöl golan sem kælir mig á sumrin
þegar hitinn er mér um megn.*

*Þú ert mjúk og hlý sumarnóttin
sem vefur um mig höndum sínum.*

(Hafrún sendi ljóðið en höfundur er óbekktur)

Allt er þá tvennt er

Að hafa einhvern hjá sér er gaman
og mér líður vel

Að eiga mömmu og pabba er gott
og að eiga vini er mikilvægt

Að vera einn í fótbolta
er ömurlegt

Að elska sig sjálfan er gott
en að elska fleiri er betra

Dýr geta líka verið vinir manns
og við getum líka verið vinir þeirra

Það er betra að eiga fleiri vini en engan
já, svo sannarlega er gott að eiga vini

Ég og þú erum vinir og leikum okkur saman
það er gott að hafa einhvern vin eins og þig

Að spila körfubolta með öðrum er gaman
en að detta niður verður maður laminn
og ef maður dettur niður þá fær maður sár
ef maður dettur ofan í holu þá er það sárt.

Ég svíf léttari en sky.

Höf: 7. bekkur PBT

Einelti í gegnum tölvur og síma

Það er mikið af einelti í dag, of mikið, en mest af eineltinu er
gert á MSN, tölvupóstinum og sms-um. Það er gjörsamlega
hægt að vaða yfir þig á MSN-inu og e-mailinu þínu og þú getur
ekki svarað fyrir þig vegna þess að það er ekki það pælt í þér. Það
er létt að leggja þig í einelti með sms-um út af því að það er
hægt að gera nafnlaust. Fólk getur gert grín að þér án þess að
þú vitir hver það er. Ég er heppin/nn að hafa ekki lent í svona
einelti, en ég hef lent í öllum öðrum eineltum.

Nemandi úr 7.-10. bekk

Framtíðarspá

Framtíðarspá

Almar Viktor Pórólfsson: Almar fer í tölvufræði í Íðnskólanum og verður sérfræðingur í tölvuleikjum. Hann fer að vinna hjá BT tölvum og fljótlega verður hann innkaupastjóri og kaupir inn tölvuleiki. Hann fær leið á þessu eftir 10 ár og langar til að gera eitthvað sem skiptir meira máli. Hann flytur þá til Afganistan að vinna við hjálparstörf, en verður þreyttur á því líka og flytur til Ítalíu þar sem hann giftist fegurðardís og þau eignast 7 börn.

Andrés Pétur Guðfinnsson: Strax eftir grunnskóla fer Andrés Pétur til New York í skóla. Þar hittir hann prófessor í stjörnufræði. Þau kynnast mjög vel og finna ný tungl og stjörnur. Það endar með því að Andrés Pétur fer til NASA og verður geimfari. Hann giftist stjörnuprofessornum og lífa þau hamingjusöm til æviloka.

Aron Örn Reynisson: Aron finnur mús í bílskúrnum sínum og ákveður þá að hefja rannsóknir á músum. Hann ræktar mys í bílskúrnum sínum og gerir á þeim margs konar tilraunir. Á endanum finnur hann upp lyf eilífrar æsku og fegurðar. Hann fer að selja það og verður algjör milli.

Aron Örn Viðarsson: Aron skellir sér í Bændaskólann á Hvanneyri eftir 10. bekk. Þar unir hann sér mjög vel og ákveður að gerast bóndi. Hann kaupir sér jörð fyrir austan og flytur þangað með konu sinni og 6 börnum. Aroni líður mjög vel í sveitinni og verða beljurnar bestu vinir hans.

Auður Ósk Eymundsdóttir: Auður mun hitta draumaprinsinn sinn strax eftir grunnskólann og munu þau hlaða niður börnum. En hún Auður er dugleg stelpa og hún mun því stofna fyrirtæki sem heitir Auðás og er prentfyrirtæki. Það stækkar og stækkar og verður loks eitt stærsta prentfyrirtæki á landinu. Fjölskyldan vinnur öll í fyrirtækinu og Auður verður forstjóri þar til æviloka.

Dircelene Gomes Almeida: Dirc fer til Færeyja í skóla en kemur fljótt heim aftur af því að hún verður ólétt. Þegar hún fæðir barnið kannast hún mjög svo vel við ljósmóðurina sem er einmitt Gaui, fyrrverandi bekkjarfélagi hennar. Verða þau mjög ástfangin, giftast og eignast 3 börn saman.

Eygló Guðrún Kristjánsdóttir: Eygló mun halda áfram að bera vott um ótrúlegan styrk og prek. Hvar sem hún býr mun hún alltaf draga fram það besta í fólki og stuðla þannig að því að hlúð sé að þeim sem minna mega sín.

Gísli Ragnar Jóhannesson: Gísli fer einn daginn til Britney Spears að safna dósum. Um leið og hún sér Gísla verður hún mjög hrifin af honum og býður honum að syngja með sér. Gísli og Britney fara saman í tónleikaferðalag og gefa út plötu. Þau verða heimsfræg og ógeðslega rík.

Guðjón Mikael Bollason: Believe it or not, en Gaui verður ljósmóðir. Áhugi hans á þessu starfi byrjaði þegar hann horfði á heimildamynnd á stöð 1 um hvernig börnin fæðast. Honum fannst fæðingin undursamlegt ferli og langaði til að taka á móti börnum. Einn daginn er Gaui að taka á móti barni og fattar að móðirin er gömul vinkona hans hún Dirc. Þau verða yfir sig ástfangin, giftast og eignast þrjú börn saman.

Helgi Þór Haraldsson: Helgi skellir sér til Hollywood og fer í dansprufu fyrir nýtt myndband hjá Justin Timberlake. Helgi fær starfið og verður heimsfrægur dansari. Hann hittir svo Hillary Duff og verða þau ástfangin og giftast. Þau eignast engin börn en eiga bara þess í stað 24 hunda.

Herluf Clausen: Herluf mun verða nuddari. Hann mun byrja á að nudda fólk en verður fljótt leiður á því og fer að nudda svín. Hann stofnar nuddstofu sem mun heita Svínsleg áncægja. Hún er einnig fyrir svín. Svínin eru ekkert voðalega dugleg að koma í nudd þannig að stofan fer á hausinn. En Herluf gefst ekki upp á svínunum og kaupir sér svínabú. Hann byggir upp fyrirtæki sem selur beikon og fær margs konar verðlaun.

Hildur Ársælsdóttir: Hildur mun fara til Milánó og verða frægt módel. Óli fer með henni og kaupa þau sér risastórt hús. Hildur hefur ekki tíma til að eignast börn þannig að þau ættleiða 5 börn frá Afríku. Lifa þau hamingjusöm til æviloka.

Hilmar Pétursson: Hilmar fer í Íþróttaskóla Íslands og verður íþróttabjálfari. Hann flytur svo aftur í Sandgerði og fer að vinna í sundlauginni. Hann endar á því að kaupa sundlaugina og verður vöðvastæltur forstjóri. Svo byggir hann sér hús með útsýni yfir sundlaugina og býr þar til æviloka.

Hrefna Kristinsdóttir: Eftir að Hrefna verður valin ungfrú Sandgerðisskóli fer hún í prufu fyrir ungfrú Suðurnes. Par brillerar hún og tekur þátt í Ungfrú Ísland þar sem hún lendir bara í 3 ja sæti. Hún verður samt kosin OLÍS-gellan og fær frítt bensín í eitt ár sem er mjög gott.

Konráð Freyr Friðriksson: Konni fer að skrifa smásögur í Víkurfréttir. Sögurnar hans verða því líkt vinsælar að hann ákveður að gerast bara rithöfundur. Konni skrifar rómantískar ástarsögur sem seljast eins og heitar lummur. Einn daginn rekst hann á sextuga konu og fellur algjörlega fyrir henni. Þau giftast og fá sér lítinn, sætan hamstur sem gæludýr.

Kristín Mjöll Kristinsdóttir: Kristín ákveður eftir miklar umræður að fara í Vezló. Hún klárar þann skóla með pompi og prakt, fer í Háskóla Íslands og tekur meira að segja auka nám. Eftir námið hleður hún niður börnum en hefur ekki tíma til að hugsa um þau þannig að kærastinn verður að hugsa um krakkana og heimilið.

Linda Stefánia Ásgeirsdóttir: Linda er úti að labba og fær vind í hárið akkúrat þegar umboðsmaður Lorial á Íslandi labbar framhjá. Þar sér hann flottstu hársveiflu sem hann hefur séð. Hann býður Lindu að leika í einni af auglýsingum sínum. Hún þiggur það. Linda fer til Kanada og verður heimsfræg hárleikkona.

Ómar Sigurðsson: Ómar fer á Skjálfta og þar er útsendari frá hinu alþjóðlega Counter Strike sambandi. Ómari er boðið að koma í hæfnispróf fyrir alheims Counter Strike. Hann sökkar þar en hittir fimleikagelli í hæfnisprófinu. Þau giftast og Ómar verður sjúkrabjálfari fimleikaliðs konu sinnar.

Pawel Woskresinski: Pawel fer út í fyrirsætubransann með sín fallegu augu. Hann saknar þó svo fiskifýlunnar í Sandgerði að hann kemur fljótt aftur heim og fer að vinna í fiski. Einn daginn fattar Pawell að hann getur talað við fiska og verður frægur fyrir það.

Pála Ólöf Júlíusdóttir: Pála verður fræg körfuboltastjarna. Hún verður allt of góð til að spila með venjulegum stelpuliðum og fer í það að spila með strákaliðum. Þar spilar hún með Michael Jordan og verða þau perluginir. Hann skilur við konuna sína og giftist Pálu. Þau eignast svo 6 börn sem öll verða flínk í körfubolta.

Ragnar Veigar Helgason: Raggi og Veigar eru að fíflast úti á Stafnesi eitt kvöldið þegar löggan kemur. Löggan tekur þá til yfirheyrslu og heldur að Raggi sé eftirlýstur glæpamaður í Bandaríkjunum sem hafði stolið öllu saltinu á Mc Donalds í USA. Hann þarf að sitja inni í 45 ár. Þegar hann sleppur út giftist hann og lifir hamingjusamur til æviloka.

Sigurbjörn Grétarsson: Eftir grunnskólann fer Sigurbjörn í Tölvuháskóla. Hann verður tölvukennari og mjög ánægður með vinnuna sína. Hann verður einnig mjög mikið tölvunörd. Hann kynnist konu á irkinu og ákveður að fara á date með henni. Þau verða mjög ástfangin og endar með því að þau giftast og eignast 4 börn.

Siguróli Ólafsson: Siguróli fer til Parísar og verður heimsmeistari í blómaskreytingum. Hann verður svo frægur að hann verður pantaður út um allt og verður ógeðslega ríkur. Hann verður einn alla tíð með litlu, sætu blómunum sínum.

Sólrún Mary Gunnarsdóttir: Sólrún fer í MR og klárar hann með stael. Þar á eftir fer hún í Háskólann og útskrifast sem tölvuforritari. Hún giftist tölvukalli og munu þau eignast fullt af peningum og tvö börn. Í húsinu þeirra verður allt tölvustýrt svo Sólrún þarf ekkert að gera heima hjá sér nema ýta á takka.

Sveinbjörg Anna Karlsdóttir: Sveinbjörg flytur til Ástralíu og gerist leikkona. Þar leikur hún aðallega í náttúrulífsmyndum en finnst skemmtilegast að leika með kengúrunum. Hún giftist frægum áströlskum leikara og eignast þau stórt hús og fullt af dýrum.

Sævar Örn Sigurvinsson: Sævar safnar mjög síðu hári. Hann mun fara í heimsmetabók Guinnes fyrir síða hárið sitt og verður frægur. Hann verður þó alltaf í skátunum líka og verður skátaforingi vegna aðdáunar sinnar á Röggvi og hann mun alltaf líta upp til hennar.

Valgeir Elís Marteinsson: Strax eftir útskriftina fer Valgeir í ferðalag til Bandaríkjanna. Þar fer hann út eitt kvöldið og lendir inni á bar þar sem hann hittir forstjóra barsins. Þeir eiga saman langt spjall og endar það með því að Valgeir fær vinnu á barnum. Hann flytur til New York og nær miklum vinsældum sem barþjónn.



Gula pressan

Heyrst hefur...

... að Steinunn ætli að hætta að dansa í frímínútum.

... að Linda og Steinunn ætli að stofna dansklúbb á opnu húsi.

... að Pála sé orðin fræg eftir viðtalið við systur hennar í sjónvarpinu.

... að Siggi Þorsteins ætli að reyna að halda titlinum Dragdrottning Skýjaborgar.

... að Helgi Þór ætli í hárgreiðslu eftir margar tilraunir á stelpunum í 10. bekk.

... að Sara María ætli að join a dansklúbbinn hjá stelpunum.

... að Bouble Trouble sé að slá Counter Strike við

... að Gísla finnist Britney Spears flottust

KOSNINGAR 2004

Ungfrú Sandgerðisskóli: Hrefna Kristinsdóttir
 Herra Sandgerðisskóli: Helgi Þór Haraldsson
 Hár ársins: Helgi Þór Haraldsson
 Bros ársins: Fanney Haraldsdóttir
 Kroppur ársins: Guðjón Mikael Bollason
 Hlátur ársins: Sólrun Mary Gunnarsdóttir
 Kynþokkafyllsta gellan: Hrefna Kristinsdóttir
 Kynþokkafyllsti gæinn: Gísli Ragnar Jóhannesson
 Íþróttafrik ársins: Aron Örn Reynisson
 Fjörkálfur ársins: Ragnar Veigar Helgason
 Vinsælasta manneskjan: Linda Stefánia Ásgeirsdóttir
 Leikari ársins: Lárus Sigurðsson
 Augu ársins: Dircelene Gomez Almeida
 Félagsvera ársins: Pétur Þór Þorsteinsson
 Hrakfallabálkur ársins: Ásdís Elvars
 Kennari ársins: Pétur Brynjarsson
 Fatafrik ársins: Hrafnhildur Ása Karlsdóttir.

Landafræðiljóð

Svíþjóð, Finnland og Kína
 Ísland, Færeyjar, Danmörk
 Indía, Pakistan og Palistina
 Ástralía, Sahara eyðimörk

Höfundur: 7. bekkur

Saknaðarkveðja til 10. bekkjar

Hæ, hæ, alle sammen!

Vi viljum bra fá að kveðja okkar yndislea 10. bekk =>

Vi eium ettir að sakna ykkar gegjja mikið =>

Vi vonum bra að ykkur eiji ettir að ganga vel in the future!

O vonandi hittumst vi sem flest í nýjum skóla =>

Vi erum langflest öll búin að ganga saman í gegnum þennan

frábæra skóla í rúm 10 ár, og höfum átt frábæra tíma saman =>

Vi eium ALDREI eftir að gleyma ykkur elzkurnar okkar! O vi

m líka að þi eigið ekki ettir að gleyma a

Þið eruð öll frábær just as you are=>
Kirkjubæjarklaustur, Kópavogshóll og Steinþunnar bakk=>

www.karenwolfgang.com

Viðtal við frægan freestyle dansara

Nafn: Aron Magnúsen.

Hverniq var að vera svona eini strákurinn í Freestyle keppninni?

Mjög gott og mjög skemmtilegt.

Var það ekki dálđið erfitt?

Nei, bara qaman.

Í hyaða sæti lentirðu?

3. sæti og ég lærði ekki að dansa hjá danskennara.

Var mikið af fólk í Höllinni?

Já, fullur salur.

Þú komst í TV í þáttinn At. Hvernig var tilfinningin að dansa fyrir myndavélarnar?

Ég var dálítið stressaður en það var samt skemmtilegt.

Það var mynd af þér í Séð & heyrt. Var mikið um myndatökur þegar úrslitin voru kynnt?



Já, mjög mikið. Maður labbaði smá og þá var tekin mynd af mér.

Mottó: Að hafa gaman af að dansa.

Eitthvað að lokum?

Ég ætla að halda áfram að dansa.









Hvað veistu um vin þinn?

Við spurðum Ástrósu og Fanney Ástrós svarar um Fanney:

Nafn: Fanney Haraldsdóttir
 Stjörnumerki: Fiskur
 Uppáhaldsmatur: Fiskur
 Drykkur: Magic
 Draumaprins: Hafsteinn Alexander Marteinsson
 Mest böggandi: Kjaftasögur

Fanney svarar um Ástrósu:

Nafn: Ástrós Jónsdóttir
 Stjörnumerki: Ljón
 Uppáhaldsmatur: Pizza
 Drykkur: Grænt Powerade
 Draumaprins: Þórir Sævar Kristinsson
 Best böggandi: Kjaftasögur

Fanney svarar um sig:

Nafn: Fanney Haraldsdóttir
 Stjörnumerki: Fiskur
 Uppáhaldsmatur: Ostborgari á McDonald
 Drykkur: Magic
 Draumaprins: Hafsteinn Alexander Marteinsson
 Mest böggandi: Svitalykt og kjaftasögur

Ástrós svarar um sig:

Nafn: Ástrós Jónsdóttir
 Stjörnumerki: Ljón
 Uppáhaldsmatur: Fiskur
 Drykkur: Grænt Powerade
 Draumaprins: Johnny Depp
 Mest böggandi: Kjaftasögur.

Við spurðum Gaua og Gísla Gísli svarar um Gaua:

Nafn: Guðjón Mikael Bollason
 Stjörnumerki: Sporðreki
 Uppáhaldsmatur: Pastaréttur
 Drykkur: Appelsínusafi
 Draumaprinsessa: Linda Stefánia Ásgeirs dóttir.
 Mest böggandi: Smástelpupopp

Gauí svarar um Gísla:


Nafn: Gísli Ragnar Jóhannesson
 Stjörnumerki: Krabbi
 Uppáhaldsmatur: Pizza
 Drykkur: Kók
 Draumaprinsessa: Enrique Eaglesias
 Mest böggandi: Kynþáttahatarar.

Gauí svarar um sig:

Nafn: Guðjón Mikael Bollason
 Stjörnumerki: Sporðreki
 Uppáhaldsmatur: Pizza
 Drykkur: Kók
 Draumaprinsessa: Angelina Jolie
 Mest böggandi: Þegar gaurar halda að ég sé stelpa.

Gísli svarar um sig:

Nafn: Gísli Ragnar Jóhannesson
 Stjörnumerki: Krabbi
 Uppáhaldsmatur: Pizza
 Drykkur: Appelsínusafi
 Draumaprinsessa: Angelina Jolie
 Mest böggandi: Ekkert.



Kennara - naflaskoðun

Nafn: Pór Haraldsson

Fæðingardagur/ár: 23. október 1975

Maki: Guðlaug Elfa Ragnarsdóttir

Börn: Kormákur Andri 7 ára, Haraldur Pór tæplega 2 ja ára

Bíll: Volkswagen Golf Station 2002, gylltur og glæsilegur

(Aðeins betri en blái Skódinn)

Uppáhaldsnemandi: Allir í 9. PH

Uppáhaldshljómsveit: Coldplay og Travis.

Besti vinur: Bill Gates.

Draumastarf: Vinna 3d og grafik fyrir bíómyndir eða sjónvarp.

Fag: Tölvur

Fótboltalið: Manchester United (Ryan Giggs)

Ef þú mættir vera fluga á vegg í 25 mínútur, hvar myndirðu vilja vera?

Inni í klefa hjá United eftir jafnteflið við Porto. Ég hefði viljað fá tækifæri til að öskra á leikmennina með Alex Ferguson.

Mottó: Gera Sandgerðisbæ að tölvu- og tæknivæddasta bæjarfélagi landsins.

Viltu segja eitthvað að lokum?

Ég vil óska Arsenal-mönnum til hamingju með meistaratitilinn og vona að Leeds gangi vel í 1. deildinni á næsta ári.

Kennaraskop

Brynja: Oki flettum yfir þetta, þetta er leiðinlegt ahammm...

Pétur Brynjars: Ég gerði þetta alveg sjálfur

Einar Sveinn: ???? Segir hann einhvern tímann eitthvað fyndið?

Bergný: Það er BANNAÐ að krota á borðin!

Thelma: Meikar þetta einhvern sense???

Pórunn Tryggva: Ég er hætt að vera með ykkur á brjósti!

STJÖRNUSPÁ

HRÚTURINN 21. mars - 19. apríl

Þú heyrir hávaða fyrir utan hjá þér og þegar þú athugar málið sérðu menn í kafarabúningum ganga fram hjá. Varastu eindregið að horfa í augun á þeim!

NAUTIÐ 20. apríl - 20. maí

Þú finnur gamalt safn af Andrés Önd blöðum. Ekki reyna að hagnast á þeim! Þú manst allt í einu eftir því hvar þú geymir jólakortin frá því í fyrra en gleymir því síðan aftur.

TVÍBURARNIR 21. maí - 21. júní

Þú kynnist óvæntum Asíubúa. Hann kemur til með að kenna þér mikið um sögu lands síns. Ekki hlusta á hann heldur reyna að ná góðum út- og innflutningssamböndum.

KRABBINN 22. júní - 22. júlí

Þú getur allt í einu lesið afturábak og nýtir þér það út í ystu æsar. Hlutabréf mömmu þinnar og pabba í Astró hækka og þú sérð fram á að geta keypt þennan höfrung sem þig hefur alltaf langað í.

LJÓNIÐ 22. júlí - 22. ágúst

Erfiður mánuður og þú óskar þess núna að hafa farið á hebresku-námskeiðið sem þér bauðst í haust. Passaðu þig á því að versla alltaf fyrir klukkan 4 á daginn.

MEYJAN 23. ágúst - 22. sept.

Þú stofnar samtök og vilt að Bylgjan verði lögð niður og útværpsstöð sem þú munt setja á stofn mun verða vinsæl. Þú ferð á fund með Davíð Oddssyni og hann ákveður að gefa þér 300 milljónir.

VOGIN 23. sept. - 23. okt.

Þú veltir fyrir þér spurningunni um upphaf alheimsins og tilgang lífsins... í sırka 2 mínútur. Síðan heldurðu áfram lífsgæðakappblaupinu og sérð fram á að ná í mark fljótlega.

SPORÐDREKINN 24. okt. - 21. nóv.

Þú dregur fram töfradótið sem þú fékkst í afmælisgjöf fyrir löngu. Eftir margar tilraunir hverfur kötturinn þinn. Þú eyðir aleigunni í að prenta límmiða sem á stendur: "Ég hata töfradót".

BOGAMADURINN 22. nóv. - 21. des.

Þú ferð í klippingu í mánuðinum en hefur ekki efni á strípum. Þú gælir við það að nota skóáburð í staðinn en hættir við þegar þú manst eftir Kivi-slysinu hjá pabba þínum hér um árið.

STEINGEITIN 22. des. - 19. jan.


Þú grefur upp gömlu Dallas-þættina í mánuðinum, situr heima og hugsar um gömlu, góðu dagana. Þú gleymir að kaupa jólagjafir og gefur öllum gamla Dallas-þætti í staðinn.

VATNSBERINN 20. jan. - 18. febr.


Þú lest grein um eiturlyf, kaupir banana, skefur innan úr þeim, þurrkar og reynir að selja. Nokkrir tónlistarmenn sýna þessu áhuga en annars verður þetta misheppnað.

FISKARNIR 19. febr. - 20. mars

Þú ætlar að spaða pennan mánuðinn og býrð til skíði úr gömlum girðingarstaurum og járnherðatrjám. Þú ert rekin/nn úr Bláfjöllum en þeir í Skálafelli kaupa af þér hugmyndina.



Viðtal við Birgittu Gaukdal



Nafn: Birgitta Gaukdal

Aldur: 37, ég ber aldurinn svo vel.

Hvernig finnst þér að vera fræg?

Það hefur sína kosti og galla. En ég elska að vera í sviðsljósínu.

Hvenær byrjaðir þú að syngja?

Þegar ég var 14 ára gömul snót.

Áhugamál: Tónlist, ég og frægð og frami.

Hvaða lag er í uppáhaldi hjá þér?

Ef þú meinar lag með okkur þá er það Fingur.

En hljómsveit?

Auðvitað Írafár.

Af hverju vilduð þið ekki spila á árshátíðinni hjá okkur?

Við kostum peninga!!!

Sefurðu í náttfötum?

Já, alltaf, hvernig spurning er þetta eiginlega?

Er mikið hringt í þig og beðið um að þú syngir á böllum?

Bara svona eins og gengur og gerist.

Draumaprins: Kalli Bjarna (hann er æðislegur)

Draumahús: Hús í Sandgerði.

Draumabíll: BMW

Mottó: Halda áfram að ganga svona vel í tónlistinni.

Viltu segja eitthvað að lokum?

Já, takk fyrir að hafa viðtal við mig.

=====

Naflaskoðun

Nafn: Maðurinn með pokann (Raggi)

Fæðingardagur/ár: 28. apríl 1988

Uppáhalds matur: Pizza

Uppáhalds drykkur: Kaffi

Fótboltalið: Liverpool (hverjir aðrir!)

Hljómsveit: Nirvana

Lag: Rape me

Draumaprinsessa: Angelina Jolie

Draumabíll: Dihatsu

Sefur þú í náttfötum? Nei!

Hvaða manneskju hræðistu mest? Ragga Hitler

Besti vinur/vinkona: Hilmar, Sigurbjörn og Veigar

Viltu segja eitthvað að lokum? Watch out for the hand.

Nafn: Karen Helga Karlisdóttir.

Fæðingardagur/ár: 4. febrúar 1987

Uppáhalds matur: Hamborgarahryggur og pizza.

Uppáhalds drykkur: Pepsi og vatn

Fótboltalið: Man. United

Hljómsveit: Linkin Park

Lag: My immorial

Draumaprins: Eminem

Draumabíll: Hummer

Sefur þú í náttfötum? Nei, yfirleitt ekki

Hvaða manneskju hræðistu mest? Voldemort.

Neyðarlegasta sem þú hefur lent í: Detta á hjóli fyrir framan fullt af fólk.

Besti vinur/vinkona: Steinunn, Fanney, Ástrós, Linda og Elísabet.


Viltu segja eitthvað að lokum? Live happily ever after.



Life!

*In the sky I find
beautiful thoughts,
on earth I find dreams
far, far from being true.
In the sea I find lost
souls and spirits looking
for freedom,
and in you I find
love you're trying to
push away.*

Höf. Hafrún H.



Ljóðið mitt

*Petta ljóð er um mig
Frá mér
Til míni*

*Petta ljóð sem ég gaf mér
Er sætt, því það er frá mér
Ef það væri frá þér
Hentaði það ekki mér*

Petta er mitt ljóð.

Höf. Dagmar Þráinsdóttir

Brúðarkjólaleiga Katrínar

Við leggjum okkur fram við að bjóða viðskiptavinum okkar persónulega ráðgjöf og þjónustu.

Mikið úrval sölu og leigufatnaðar fyrir öll tilefni og alla aldurshópa. Verið velkomin í Mjóddina, við tökum vel á móti þér.

Opnunartími: mánudaga - föstudaga kl.10 – 18
laugardaga kl.10 - 14

Hafðu samband, katrin@brudhjon.is

Sími: 557-6020 gsm. 897-5743 fax. 557-6928

Það sem mömmur segja aldrei

1. Vertu nú góður strákur og þá skal ég kaupa handa þér mótorhjól í afmælisgjöf.
2. Hvernig sérðu á sjónvarpið svona langt i burtu? Viltu ekki fara nær?
3. Vertu ekkert að klæða þig í jakka, það er svo fint veður.
4. Má ég þefa af þessum bol? Já, já, þú getur verið í honum í eina viku enn.
5. Mér finnst draslaralegt herbergi bara vera merki um framkvæmdagleði.
6. Já, ég skrópaði nú líka stundum.
7. Skildu bara eftir öll ljós logandi, það gerir húsið miklu hlýlegra.
8. Hei, nennirðu að hækka í græjunum, ég er alveg að fila þetta!
9. Iss, snúðu nærbusunum bara við, það fattar það enginn.
10. Ég er ekki með snýtubréf, notaðu bara ermina á nýju peysunni þinni.

Nemendaskop

Helgi Þór: Hei - girl.....lol

Hrafnhildur Ása: Ég tala ekki hátt!!!

Pála: Má ég fara í tölvu??

Siggi Þorsteins: Hei stelpur... Hvenær er næsta dragkeppni?

Ragnar Veigar: Kjaftæði... ég röfla ekki mikið!!


Margrét: Hei Driver... get ég aðeins fengið að glugga í blaðið hjá þér?

Hvað er undir rúminu þínu?

Elísabet 9. bekk: Ekkert (held ég) eða jú, kassar.

Marel 8. bekk: Drasl.

Sólrún 10. bekk: Kassar fullir af drasli.

Hvaða manneskju dýrkarðu?

Sigurjón 8. bekk: Tiger Woods

Siggi Pórhalls 9. bekk: Mömmu mína og Hrefnu.

Pála 10. bekk: Halldóru Björg litlu frænku mína.

Hver er uppáhalds kennarinn þinn?

Gaui 10. bekk: Enginn, allir jafn ógeðslegir hehe.

Ástrós 9. bekk: Pétur Brynjars.

Sara 8. bekk: Veit það ekki.

Hvernig tónlist fílarðu?

Særún 8. bekk: Rokk. Pottpétt

Tómas 9. bekk: Rokk.

Sævar 10. bekk: Bara svona allt.

Hvor er flottari, Orlando Bloom eða Johnny Depp?

Hanna 9. bekk: Orlando Bloom, pottpétt

Linda 10. bekk: Í myndinni Pirates of... Johnny Depp miklu frekar en Orlando Bloom er gegnt sætur þannig að ég er ekki viss (ég held samt Johnny Depp frekar)

Guðbjört 8. bekk: Johnny Depp.

Hvor er flottari, Angelina Joile eða Christina Aquilera?

Andrés Pétur 10. bekk: Angelina Jolie.

Lárus 9. bekk: Angelina Jolie.


Diddi 8. bekk: Angelina Jolie.

Nokkrar leiðir til að falla á prófi

1. Taktu með þér kodda. Leggðu þig þangað til svona 5 mín. eru eftir að próftímanum. Öskraðu þá: ahhhhllllveg rétt, prófið var í dag!
2. Ef þetta er stærðfræði, svaraðu í löngum setningum. Ef þetta er ritgerðarpróf, svaraðu í tölum.
3. Talaðu alla leið í gegnum prófið. Lestu spurningarnar upphátt og farðu svo að rífast við sjálfa/n þig um það hvert sé rétta svarið. Ef þú ert beðin/nn um að hætta segðu "jújú, og þú getur bara heyrta mig hugsa" Talaðu svo um að kennarinn sé fífl.
4. Þegar liðnar eru 5 mínútur af prófinu, kallaðu þá á kennarann: "Hvað er þetta? Ég hef mætt í tíma alla önnina og ég skil ekkert í þessu! Og hver ert þú eiginlega?"
5. Neitaðu að svara spurningum: T.d. ég neita að svara þessari spurningu því hún stangast á við trúarbrögð míni!
6. Hlauptu inn í stofuna þegar prófið er rétt byrjað. Segðu við kennarann: "Þeir fundu mig. Ég verð að flýja land." Hlauptu svo út aftur.
7. Mættu í prófið í sandöllum, baðslopp og með handklæði á hausnum.
8. Fáðu allt í einu kast af Tourette's Syndrome í miðju prófi...
9. Strax og kennarinn lætur þig fá prófið... éttu það!

10. Komdu með heilt kvíkmyndatökulið með þér og segðu að þú viljir taka prófið upp!
11. Taktu saman draslið þitt á 5 mínútna fresti, sestu annars staðar og haltu áfram að taka prófið.
12. Strikaðu yfir bæði spurningarnar og svörin með svörtum túss!
13. Fáðu prófið. Tíu mínútum seinna skaltu dúndra prófinu á borðið þitt og öskra: "Til fjandans með þetta próf!" Labbaðu svo hetjulega út.
14. Vertu endalaust að segja hversu sexí kennarinn sé í dag!
15. Vertu á klósettini allan tímann.

Granmeti og átvextir2



Hér færðu allt
Sem þú þarf:

Fjarðarber sem vaxa í
Hafnarfirði.

Þú grætur ef
Þú færð ekki grænrætur.

Þú vilt ekki lengur fasana
Frekar en kanala.

Það eru líka til blásýrur,
Sem virka betur en bakteríur.

Her færðu allt í að narta
Til dæmis eins og pasta


Höfundur: axel birgir.

SANDGERÐISBÆR

**óskar nemendum Grunnskólans til
hamingju með árshátiðina**



Skrifstofa Sandgerðisbæjar	sími: 420 - 7555
Sandgerðishöfn	sími: 423 - 7477
Áhaldahús v/ Strandgötu	sími: 423 - 7515
Hafnarvigtin	sími: 423 - 7477
Leikskólinn Sólborg	sími: 423 - 7620
Íþróttahús og sundlaug	sími: 420 - 7510
Tónlistarskóli	sími: 423 - 7695
Bókasafn	sími: 420 - 7513
Fræðasetur	sími: 423 - 7551
Miðhús þjónustumiðstöð	sími: 423 - 7949
Grunnskólinn	sími: 420 - 7500



gottstart.is

Gott start fyrir þig

Start inngöngutilboð:

- Start kort
- Bíómiði í Nýja bíó á mynd að eigin vali
- Kortaveski
- Bakpoki (gegn 2.000 kr. innleggi)

start
gottstart.is

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík